# FOSSVOGSHVERFI – breyting á deiliskipulagi vegna Stjörnugrófar 7, 9 og 11

## Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg




ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI, mkv. 1:1000

Deiliskipulag FOSSVOGSHVERFI – breyting á deiliskipulagi vegna Stjörnugrófar 7, 9 og 11 samþykkt í borgarráði 22.11. 2018




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI, mkv. 1:1000

## ÚR GILDANDI GREINARGERÐ (Almennir skipulagsmálar):

6.11 Göngu- og hjólastígar
Áhersla er lögð á góðar tengingar fyrir göngu- og hjólastíga um svæðið. Kvöð er um göngu- og hjólastíg vestan við Stjörnugróf í gegnum svæðið, norður - suður. Gangbrautir skulu upphækkaðar í hæð gangstétta á gatnamótum. Kvöð er um lagnir fyrir snjóbræðslu á gangstígum skv. uppdráttum.

## ÚR GILDANDI GREINARGERÐ (sérskilmálar) :

7.1.4 Lóð
Lóð er gróin og skal halda í þann gróður sem fyrir er. Kvöð er um upphitaða gönguleið milli innganga í Lækjarás og Bjarkarás sem tengist aðalstígakerfi á svæðinu.

7.2.5 Lóð
Lóð er gróin og skal halda í þann gróður sem fyrir er. Kvöð er um upphitaða gönguleið milli innganga í Lækjarás og Bjarkarás sem tengist aðalstígakerfi á svæðinu.
Heimilt er að setja mön við lóðarmörk til austurs (sjá 6.12 í almennum skilmálum).

7.3.4 Aðkomur og aðgengi
Inngangur í þjónustuíbúðir er úr vestri, suðri eða austri. Kvöð er um upphitaða gönguleið sem tengist aðalstígakerfi. Innkeyrsla verður staðsett á sama stað og núverandi innkeyrsla. Aðkomugatan má ekki vera breiðari en 4 metra en ekki er heimilt að leggja bílum meðfram henni og allur akstur skal vera takmarkaður við að tryggja öryggi. Kvöð er um akstur að sorpgerði á reit A2.
Leitast skal við að hafa innkeyrslu eins stutta og hægt er til þess að raska ekki gróðri og halda umferð í lágmarki.

## LÝSING Á BREYTINGU:

Breyting á þessu deiliskipulagi felur í sér breikkun göngu- og hjólastígs vestan við Stjörnugróf og niðurfellingu kvaðar um snjóbræðslu á stígum norðan við Stjörnugróf 7 á innan lóða á reit A og B.

## GREINARGERÐ (Almennir skipulagsmálar) ÓBREYTT:

6.11 Göngu- og hjólastígar
Áhersla er lögð á góðar tengingar fyrir göngu- og hjólastíga um svæðið. Kvöð er um göngu- og hjólastíg vestan við Stjörnugróf í gegnum svæðið, norður - suður. Gangbrautir skulu upphækkaðar í hæð gangstétta á gatnamótum. Kvöð er um lagnir fyrir snjóbræðslu á gangstígum skv. uppdráttum.

## GREINARGERÐ (Sérskilmálar) eftir breytingu:

7.1.4 Lóð
Lóð er gróin og skal halda í þann gróður sem fyrir er.

7.2.5 Lóð
Lóð er gróin og skal halda í þann gróður sem fyrir er.
Heimilt er að setja mön við lóðarmörk til austurs (sjá 6.12 í almennum skilmálum).

7.3.4 Aðkomur og aðgengi
Inngangur í þjónustuíbúðir er úr vestri, suðri eða austri. Innkeyrsla verður staðsett á sama stað og núverandi innkeyrsla. Aðkomugatan má ekki vera breiðari en 4 metra en ekki er heimilt að leggja bílum meðfram henni og allur akstur skal vera takmarkaður við að tryggja öryggi. Kvöð er um akstur að sorpgerði á reit A2.
Leitast skal við að hafa innkeyrslu eins stutta og hægt er til þess að raska ekki gróðri og halda umferð í lágmarki.




Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

## SKÝRINGAR

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Lóðamörk
- Núverandi hæðarlínur
- Núverandi byggingar
- Núverandi byggingar, niðurrif heimil
- Byggingarreitur nýbyggingar
- Drög að umfangi fyrirhugaðrar 750m2 byggingar (ekki bindandi)
- 100 m² – Lóðastærð
- XX – Merking byggingarreits
- XX – Hæðir / kjallari
- Mön / veggur, leiðbeinandi
- Stígur (göngu - og hjólaleið), leiðbeinandi
- Gata, leiðbeinandi
- Kvöð um upphitaða gönguleið
- Upphækkaður stígur
- Bílastæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Núverandi tré
- Ný tré, leiðbeinandi staðsetning

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

var samþykkt í______________________________

þann_____20__ og í

______________________________þann_____20_.

Tillagan var auglýst frá _____20__ með

athugasemdafresti til_____20_

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _________ 20____.


A2F arkitektar
Laugavegi 178, 105 Reykjavík s.:571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539


FOSSVOGSHVERFI –
breyting á deiliskipulagi vegna Stjörnugrófar 7, 9 og 11

| Dagsetning | | Mælikvarði | Blaðastærð |
|---|---|---|---|
| 16.04.2021 | | 1:1000, 1:2000 | A1 |
| Númer: | Útgáfa | Teiknað af | Yfirfarið af |
| 1 / 1 | | AA | FK |